

Umsögn íbúaráðs Miðborgar og Hlíða dags. 8. september 2021 um tillögur stýrihóps um innleiðingu íbúaráða. R19100342

Fulltrúum Samfylkingar, Viðreisnar, íbúasamtaka, foreldrafélaga og slembivalins fulltrúa í Íbúaráði Miðborgar og Hlíða lýst mjög vel á tillögur stýrihópsins og telja að þær muni efla íbúaráðin sem mikilvægan lýðræðisvettvangur í hverfunum. Komið hefur verið til móts við margar af þeim athugasemdum og tillögum sem íbúaráðið hefur áður komið með.

Íbúaráð miðborgar og hlíða hélt sérstakan aukafund með stýrihópnum til þess að ræða eina af tillögnum hvort að það ætti að gera íbúaráð miðborgar og hlíða að tveimur ráðum, eitt fyrir hvert hverfi eða halda áfram sem eitt sameiginlegt ráð. Rætt var hvort væri betra fyrir hverfin og íbúa þeirra, samlegðin og samstarfið eða minna umfang með því að hafa tvö ráð.

Á aukafundinn mættu fulltrúar stýrihópsins, fulltrúar íbúaráðsins (fyrir utan slembivalinn fulltrúa) og að auki varaformaður íbúasamtaka miðborgar, varafulltrúi foreldrafélagana úr Hlíðaskóla og félagsauðsfulltrúi Þjónustumiðstöðvar VMH. Í umræðum kom fram hjá fulltrúum íbúaráðsins og fulltrúum foreldrafélaga að þeim líst vel á að halda í að það sé sameiginlegt ráð fyrir bæði hverfin að því gefnu að fulltrúum í ráðinu verði fjölgað um tvo þannig að það séu alltaf fulltrúar frá báðum íbúasamtökum (miðborg og hlíðar) og fulltrúi foreldrafélaga í miðborg og fulltrúi foreldrafélaga í hlíðum sömuleiðis.

Á fundinum og í kjölfar fundarins kom fram að íbúasamtök miðborgar eru ekki á sama máli og munu skila inn sérumsögn til stýrihópsins.

Í umræðum á aukafundinum kom fram að jákvætt væri fyrir hverfin að vera í samstarfi á vettvangi íbúaráðsins og samlegðaráhrif séu fyrir bæði hverfi. Fulltrúar foreldrafélaga nefndu sérstaklega að aukið samtal og samvinna á milli skólana sé jákvæð. Í nýjum tillögum er verið að bæta stuðning við ráðið með auknu samstarfi við Þjónustumiðstöð og félagsauðs fulltrúa sem ma. myndi styðja við fulltrúa úr grasrót og stuðla að betri tengingum við hverfin.

Við hnykkjum á því að miðborgin hefur sérstöðu frá öðrum hverfum í borginni hvað varðar það að taka á móti fjölda gesta allan ársins hring þám. fjölda ferðafólks og þar er fjölbreytt atvinnustarfsemi allt í bland við blómlegt íbúahverfi sem nauðsynlegt er að styðja og styrkja sem slíkt. Vegna þessarar sérstöðu m.a. er nauðsynlegt að fjölga í ráðinu verði það ofaná að vera áfram með eitt ráð.

Afstaða fulltrúa Íbúasamtaka 3.hverfis byggir á því að eitt stórt ráð með fulltrúum grasrótaráráðs úr miðborg og svo hlíðum, holtum og mýrum gerir alla sameiginlega snertifleti eins og sameiginlegt íþróttafélag [Valur] og útvistarsvæði fyrir börn og unglinga mun sterkari. Eins styður það að auknu samtali og samstarfi fulltrúa foreldrasamtaka sem er aukin þörf á. Því styður fulltrúi Íbúasamtaka 3.hverfis að halda áfram einu ráði áfram en meta stöðuna eftir 2 ár.

Á aukafundinum kom einnig fram að kostnaður við að fara af stað með nýtt ráð er 5-6 milljónir. Kostnaður við að bæta við 2 fulltrúum er tæpar 2 milljónir.

Ef að þessi leið, að áfram verði eitt ráð, verður farin þá óskum við eftir að þetta verði endurskoðað að tveimur árum liðnum eða um mitt næsta kjörtímabil og reynsla af þessu fyrirkomulagi metin, hvort það hefur verið til bóta fyrir hverfin að vera með sameiginlegt ráð, og tekin ákvörðun um hvort að haldið verði áfram sem eitt eða tvö ráð.

Reynsla af þessari tilraun gæti nýst í fleiri hverfum borgarinnar.

Við óskum jafnframt eftir því að sú upphæð sem ráðið hefur til þess að úthluta úr Hverfissjóði sé á pari við það ef að þetta væru 2 ráð. Samanlögð upphæð sem tvö Hverfisráð höfðu úr að spila lækkaði þegar ráðin voru sameinuð og mikilvægt er að jafna þetta aftur. Í úthlutunum okkar þá höfum við gætt að því að jafnvægi sé á milli hverfa og verður það gert áfram.

Tekið saman:

- Ef það er áfram sameiginlegt ráð þá þarf að fjölga fulltrúum um tvo
- Það þarf að endurskoða þetta og meta um mitt næsta kjörtímabil í samráði við fulltrúa í íbúaráðinu.
- Upphæð í Hverfissjóði hjá sameiginlegu íbúaráði verði á pari við það að þetta væru tvö íbúaráð.

Fulltrúi Samfylkingar
Fulltrúi Viðreisnar
Fulltrúi foreldrafélaga
Fulltrúi íbúasamtaka
Slembivalinn fulltrúi.